



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 12. janúar 2016

1512002 – Gæðahandbók og -ferlar

Hafnarfjarðarbær hóf vinnu við að aðlaga stjórnun og rekstur bæjarins að kröfum alþjóðlegara gæðastaðla í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar þann 22. desember 2009. Allmikil vinna var sett í verkefnið í nokkurn tíma en það síðan lagt til hliðar af ýmsum ástæðum. Ýmis tækifæri liggja í að hefja þessa vinnu aftur. Gögnin sem unnin voru á sínum tíma geta nýst á margan hátt.

Þegar gæðastjórnun er tekin upp þarf að huga að ýmsum þáttum s.s. ferlavinnu, umbótastarfi, gæðastöðlum og loks vottun og viðhaldi hennar.

Grundvallaratriði við upptöku á gæðastjórnun er skuldbinding (stuðningur og þátttaka) yfirstjórnar.

Fara má þá leið að byrja á afmörkuðum verkefnum:

- Einbeita sér fyrst að fjármálatengdum atriðum, ferla- og umbótavinna.
- Stefnumótun og ákvörðunartaka um hversu hratt og langt á að ganga í gæðastjórnun.
- Fræðslu- og innleiðingarvinna, fá kjörna fulltrúa, starfsmenn og stjórnendur með.
- Ferlavinna almennt – gerð flæðirita og verklagsreglna fyrir alla meginþætti, gátlistar,
- Undirbúningur / ákvörðun um vottun gæðakerfis.
- Undirbúningur og framkvæmd vottunar.
- Innleiðing jafnlaunastaðals fellur vel að gæðastjórnun.
- Nú þegar bærinn hefur samið við nýtt tryggingarfélag er verið að yfirfara alla ferla í tengslum við tryggingar og skrá þá.
- Í úttekt Capacent er lagt til að ferlagreina starfsemi launadeildar.
- Öryggisstefna tölvudeildar og reglur um tölvunotkun – þar hefur þegar verið gert mjög margt.

Mögulegar leiðir og áfangar:

1. áfangi.

Stöðugreining – hvað er til á sviðum og í stofnunum bæjarins – hvar stöndum við?

Ferla- og umbótavinnu í þáttum sem tengjast **fjármálum**, **hagræðingu** og **skilvirkni** almennt, hvar sem þeir eru í bæjarkerfinu.

Eftir skjalfestingu verkferla – skoðuð möguleg einföldun verkferla.

Innri úttektir og umbætur á grunni þeirra.

Skráning þjónustupplýsinga og framsetning /birting þeirra – einnig árangursupplýsingar.

2. áfangi

Fyrst framhald stefnumótunar um umfang gæðastjórnunar bæjarins – hversu langt á að fara og í hvaða áföngum. Á að fara alla leið í vottun gæðakerfis samkvæmt gæðakröfustöðlum ISO?

Ákvörðun um kerfi / umhverfi til utanumhalds gæðakerfis; kerfisskjala, ferlismynda, verklagsreglna, vinnulýsinga, handbóka um hin ýmsu kerfi bæjarins og annarra skjala.

Hafnarfirði 12. janúar 2014

Kristján Sturluson

sviðsstjóri stjórnsýslusviðs